

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Prentsmíðjusjóðs Norðuramtsins 1898.

		Tekjur:	kr. au.
1.	Í sjóði 1. jan. 1898:		
	a. Í skuldabréfum einstakra manna	kr. 2700 00	
	b. Í peningum	— 108 00	2808 00
2.	Vextir af skuldabréfum		108 00
			kr. 2916 00

		Gjöld:	kr. au.
1.	Styrkur veittur:		
	a. Námspiltum á Möðruvallaskóla: Hannesi Jónassyni og Hallgrími Kristjánssyni	kr. 54 00	
	b. Námsmeyjum á kvænnaskólanum á Akureyri: Ingi- björgu Jóhannesdóttur og Karólínu Benediktsdóttur — 54 00		108 00
2.	Í sjóði við árslok:		
	a. Í skuldabréfum einstakra manna	kr. 2700 00	
	b. Í peningum	— 108 00	2808 00
			kr. 2916 00

Skrifstofu Norðuramtsins, Akureyri 10. jan. 1899.

Páll Briem.

Lausn frá embætti, embættisskipanir m. m.

a. Lausn frá embætti.

12. júní var sýslumanni í Gullbringu- og Kjósarsýslu *F. E. Siemsen* allramildilegast veitt lausn frá embætti frá 31. júlí 1899 að telja með eptirlaunum samkvæmt eptirlaunalögnum.

b. Embættisskipun og sýslana.

16. júní var *prestaskólakandidat Þorvarður Þorvarðarson* af landshöfðingja settur til þess að þjóna *Fjallabingaprestakalli* í Norðurþingeyjarprófastsdæmi fardagaárið 1899—1900.

S. d. var presturinn sira *Sigurður P. Sívertsen* allramildilegast skipaður *sóknarprestur* í *Hofsprestakalli* í Vopnafirði í Norðurmúlaprófastsdæmi.

24. s. m. var prestur við holdsveikraspítalann cand. theol. *Friðrik Hallgrímsson* af landshöfðingja settur til að þjóna *Útskálaprestakalli* fardagaárið 1899—1900.

9. s. m. var sýslumaður í Húnavatnssýslu *Gísli Ísleifsson* af landshöfðingja skipaður *póstafgreiðslumaður á Blönduósi*.

Óveitt embætti.

a. er ráðgjafi Íslands annast um veitingu á.

Sýslumannsembættið í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Árslaun 3000 kr.

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þetta, verða þeir samkvæmt konungsbréfi 8. apríl 1844 og konungsúrskurðum 27. maí. 1857 og 8. febr. 1863 að láta bónarbréfinu fylgja fullnægjandi skilríki fyrir því, að þeir kunnir íslenska tungu.

Auglýst laust 15. júní 1899.

Umsóknarfrestur til 6. septbr. 1899.

b. er landshöfðingi veitir.

Goðdalaprestakall í Skagafjarðarprófastsdæmi (Goðdala og Ábæjarsóknir). Mat. kr. 770,77.

Auglýst 12. júní 1899.

Umsóknarfrestur til 28. júlí 1899